

# Verðfyrirspurn nr. 23001

## Heiti verkefnis: Gangstéttar við Víkurbraut og Hátún

Mýrdalshreppur óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við gangstétt við Víkurbraut og Hátún í Vík í Mýrdal. Verkið felst í gerð gangstétta og fráveitu við Víkurbraut og gerð gangstétta við Hátún og skal framkvæmdum lokið haustið 2023.

Verðfyrirspurn þessi er auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og send verktökum í Vík í tölvupósti.

## Umsjónaraðili verðfyrirspurnar

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17 – Vík

Sími: 4871210

Verkefnastjóri: George Frumuselu, skipulags- og byggingarfulltrúi

Netfang: bygg@vik.is

- Verðfyrirspurn send út: 4. maí 2023
- Fyrirspurnarfrestur: 11. maí 2023
- Svarfrestur: 15. maí 2023
- Skilafrestur: 19. maí 2023
- Afhendingartími: Vinnu skal lokið fyrir 30. september 2023.

Hafi bjóðandi fyrirspurnir varðandi verðfyrirspurn þessa skulu þær sendar á ofangreint netfang og verður þeim svarað fyrir 12. maí 2023. Svör við fyrirspurnum verða birt á: <https://www.vik.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingamal/framkvaemdir>

Bjóðendur skulu skila tilboðum sínum á rafrænu formi í tölvupósti á [bygg@vik.is](mailto:bygg@vik.is) merkt: Verðfyrirspurn 23001, Víkurbraut og Hátún

Skyldubundnar útilokunarástæður 68. gr. laga um opinber innkaup ( OIL ) eiga við um bjóðanda. Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum um skil á opinberum gjöldum og lífeyrissjóðsiðgjöldum hjá þeim aðila sem verður valinn og áskilur sér rétt til að hafna tilboðum frá aðilum sem ekki uppfylla kröfur með tilliti til valkvæðra útilokunarástæðna 68. gr. OIL.


Forsendur fyrir vali á tilboðum eru hagkvæmustu kaup, þ.e. mat á þeim gæðum og verkþáttum sem boðin eru til móts við verð. Um þessi innkaup gilda bæði 24. grein og 2. mgr. 29. gr. laga um opinber innkaup.

Ef tilboði verður tekið er kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

## Umfang verðfyrirspurnar

### 1. Gangstétt við Hátún 6-8

- Fjarlægja skal gömlu gangstéttina og farga efni
- gera við niðurföll í götu þar sem þörf krefur
- innkeyrslur fyrir Hátún 6 og 8 skulu vera í samráði við lóðarhafa
- gangstétt verður 1,6 m breið með staðsteyptum kantsteini
- gangstéttin verði staðsett eins og sýnt er hér að neðan. Lengd ca. 40 m




### 2. Gangstétt við Víkurbraut 2-6

- Fjarlægja skal gömlu gangstéttina og farga efni
- nýtt yfirborðsvatnskerfi verður lagt niður sem tengist gatnaniðurföllum og regnvatni frá mannvirkjum
- gera við niðurföll í götu þar sem þörf krefur
- innkeyrslur skulu vera í samráði við lóðarhafa
- gangstétt verður 1,6 m breið með forsteyptum kantsteini
- gangstéttin verði staðsett eins og sýnt er hér að neðan. Lengd ca. 70 m



### 3. Gangstétt við Víkurbraut / Ránarbraut

- gangstétt verður 1,6 m breið með forsteyptum kantsteini
- gangstéttin verði staðsett eins og sýnt er hér að neðan. Lengd ca. 90 m



Kaupandi áskilur sér rétt til þess að óska eftir upplýsingum sem geta sýnt fram á hæfi bjóðanda. Miðað skal við að ársvelta bjóðanda sé ekki undir 50 milljónum króna og að hann geti sýnt fram á að hafa áður skilað af sér sambærilegu verki vandkvæðalaust.

Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast tafabóta kr. 30.000- fyrir hvern almanaksdag sem dregst að ljúka verkinu umfram tilgreindan afhendingartíma, 30. september 2023. Þetta gildir í öllum tilvikum nema að samið hafi verið af einhverjum ástæðum um framlengingu á verktíma.

### Val tilboðs/valforsendur

Val tilboðs grundvallast á lágsta verði skv. tilboði í hið boðna.

Kaupandi áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum.

### Verð

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld sem hljóttast af vegna verksins, hverju nafni sem þau nefnast, þar með talinn rekstrarkostnað. Samningsfjárhæðir eru með virðisaukaskatti.